


Atli Harðarson

**Hægri öfgar og andóf gegn frjálslýndi:
Umsögn um bókina *A World after Liberalism***

A World after Liberalism: Five Thinkers Who Inspired the Radical Right
Höfundur: Matthew Rose
Útefandi: Yale University Press, 2022
209 bls.



Bókin *A World after Liberalism: Five Thinkers Who Inspired the Radical Right* (Þegar frjálslýndið er fyrir bí: Fimm hugsuðir sem höfðu áhrif á róttæka hægrimenn) fjallar um róttækar hægri öfgar í stjórnmálum samtímans. Bókin er afar athyglisverð tilraun til að skilja málflutning þeirra sem telja sig til hægri en hafna samt einstaklingshyggju og alþjóðavæðingu.

Höfundurinn, Matthew Rose, er íhaldssamur kapólskur Bandaríkjamaður. Skrif hans bera með sér mikla þekkingu á stjórnmálhugsun og sögu hennar. Hann reynir meðal annars að skýra hluta af málflutningi þeirra sem studdu forsetaframboð Donalds Trump. Að mínu viti varpar bók hans líka ljósi á orðfæri fólks sem stendur með einræðisherrum víða um heim eða ber blak af Pútín og hernaði hans í Úkraínu.

Sagan sem Rose segir hefur ekki áður verið sögð svo ég viti til. Hún fjallar um þankagang sem sækir í sig veðrið þessi misserin og erfitt er að henda reiður á. Hann berst manna á milli neðan við ratsjárgeisla

háskóla og fjölmiðla og er ólíkur vinstri róttækni að því leyti að honum er hvorki miðlað af virðulegum útgáfufyrirtækjum né af menntakerfinu. Þessi nýmæli í stjórnmálum samtímans hafa ekki stofnanir að styðjast við og áttu til skamms tíma fáa fulltrúa á opinberum vettvangi en breiðast út í gegn um samfélagsmiðla, nafnlaus hlaðvörp og rit sem höfundar sjálfir gefa út. Hér á landi verður þeirra meðal annars vart í skammaryrðum um „glóbalista.“

Í inngangi segir Rose að andóf samtímans gegn frjálslyndi hefði fyrir stuttu síðan virst óhugsandi. Í nokkra áratugi hafa flestir haldið að í framtíðinni yrði meira jafnrétti og meira frjálsræði. Því má bæta við að síðustu áratugi tuttugustu aldar og fram undir okkar daga var stefna stærstu stjórnmalaflokka í flestum lýðræðisríkjum að miklu leyti blanda af frjálshyggju og jafnaðarstefnu – ögn meiri áhersla á frelsið á hægri vængnum og jöfnuðinn á þeim vinstri en frjálslynd viðhorf ríkjandi beggja vegna miðju.

Á síðustu árum hefur fylgi hægri flokka sem leggja meiri áherslu á þjóðerni en frelsi og jöfnuð aukist og hjá sumum þeirra ber á sjónarmiðum sem frjálslyndu fólki hljóta að þykja öfgafull og ógnvekjandi. Yst á hægri jaðrinum eru líka óaldaflokkar sem beita ofbeldi og hryðjuverkum. Rose segir að í eyrum flestra frjálslyndra manna og menntamanna hljómi málf lutningur hægri öfgamanna að mestu sem rakalaus gifur yrði. Hann varar samt við því að afgreiða allan gjallandann sem eintóma heimsku: Á bak við vaðalinn búi hugmyndir sem þurfi að svara með skynsamlegum rökum og til að gera það þurfi að skilja þær og orða. Bókin lýsir sameiginlegum einkennum þessara hugmynda með því að gera grein fyrir fimm höfundum sem studdu kynþátta- eða þjóðernishyggju og höfnuðu öllu frjálslyndi.

Spengler – átök menningarheima

Sá elsti og þekktasti af höfundunum fimm er Þjóðverjinn Oswald Spengler (1880–1936). Hann var einn af frumkvöðum þess sem á þýsku var kallað „Konservative Revolution“ á dögum Weimar lýðveldisins. Þekktastur er hann fyrir rit sitt *Der Untergang des Abendlandes (Hnignun Vesturlanda)* en fyrra bindi þess verks kom út 1918 og hið síðara 1922. Næstelstur er Ítalinn Giulio Evola (1898–1974) sem tengdist hreyfingu fasista. Sá þriðji er Bandaríkjamaðurinn Francis Parker Yockey (1917–1960) sem dásamaði hugmyndir nasista og varð einhvers konar píslarvottur í augum skoðanasystkina sinna þegar hann dó í fangelsi í San Fransisco. Frakkinn Alain de Benoist (f. 1943) er sá fjórði. Hann er kunnur fyrir andóf gegn kristindómi, mannréttindum, nýfrjálshyggju, lýðræði og jafnaðarstefnu. Sá fimmti og síðasti er Bandaríkjamaðurinn Samuel Todd Francis (1947–2005) sem margir telja að hafi séð fyrir þær breytingar á bandarísku samfélagi sem réðu mestu um að Trump vann forsetakosningarnar 2016.

Það sem hér fer á eftir um þessa fimm menn byggist allt á bók Rose, ekki á skrifum þeirra sjálfra.

Þeir voru sprenglærðir og með mikið hafurtask úr hugmyndasögunni. Allir höfðu þeir ímugust á kristindómi og mikluðu fyrir sér mun á ólíkum kynþáttum eða menningarheimum. Sá elsti, Spengler, sem hafði áhrif á alla hina, andæfði hugsun félagsfræðingsins Max Weber og kenningum hans um að menning Vesturlanda einkenndist af skynsamlegri hlutlægni og kaldri rökvísi. Öfugt við þetta sagði Spengler að aðalsmerki Vesturlanda væru stormar og stríð. Hann hampaði heraga, félagslegu stigveldi, drottunargirni og sterkum ástríðum. Kristnina taldi hann ógna séreðli Evrópumannsins. Síðast en ekki síst hélt hann því fram að Vesturlöndum stæði ógn af framgangi annarra kynþátta en þess hvíta og spáði því að sem fram liðu stundir snerust átök í auknum mæli um viðurkenningu á sérstöðu kynstofna og þjóðflokka.

Rose segir að saga síðustu ára bendi til að Spengler hafi ef til vill séð fyrir um nokkur einkenni á sjálfsmyndarstjórnmalum (identity politics) komandi tíma. Hann segir líka að boðskapur Spenglers seiði nú marga sem líki ekki fjölmeningardýrkun samtímans og kunni ekki að hugsa sig frá henni eftir öðrum leiðum. Spengler var þó í vissum skilningi talsmaður þess að menningin væri mörg en ekki ein.

Hann áleit ekki að gildi hvítra Evrópumanna væru betri en erfðagóss annarra þjóða. Kenning hans var fremur sú að á milli ólíkra menningarheima væri ómælisdjúp og hver þeirra hlyti að verjast ásókn hinna með kjafti og klóm.

Evola og Yockey – alheimsyfirráð eða dauði

Giulio Evola þýddi verk Spenglers á ítölsku og þótt hann segðist ekki sammála þeim var hann jafn upptekin af sérstöðu Evrópu menningar og meintum ógnum sem hann hugði að henni steðja. Að hans dómi þurfti samfélag fast stigveldi valda og virðingar. Hann sagðist líka halda fram sígildum sannindum sem hefðu verið viðurkennd af flestum lærðum mönnum fram að frönsku stjórnarbyltingunni og bætti því við að sínar hugmyndir væru ekkert ólíkar skoðunum andans jöfra á borð við Platon og Dante.

Ólíkt Spengler taldi Evola að til væru tímalaus og algild sannindi um mannlegt samfélag. Þessi sannindi taldi hann stangast á við frjálslýndi og jafnaðarstefnu nútímans og hélt því fram að það væri blekking að menn gætu virt lög sem þeir teldu velta á eigin vilja eða siði sem þeir teldu sig hafa rétt til að breyta. Kristna trú kvað hann helstu meinsemd Evrópu enda boðar hún jöfnuð og bræðralag allra manna. Þótt hann fylgdi þýskum nasistum og ítölskum fasistum um sumt andæfði hann daðri þeirra við verkalýð og lágstétt.

Evola var annars kynlegur kvistur, einn af frumkvöðlum dadaisma í málalag og höfundur rita um indversk trúarbrögð. Hann rökræddi líka af þekkingu um kenningar Sartre og fleiri heimspekinga sem athygli vöktu. Rose segir að þegar Evola dó, árið 1974, hafi hann verið áhrifamesti hugsuður róttækra hægristefnu í Evrópu.

Francis Parker Yockey snerist frá marxisma til hægri róttækni þegar hann las bók Spenglers um hnignun Vesturlanda. Helsta rit hans, *Imperium (Heimsveldi)*, kom út 1948. Evola fór lofsamlegum orðum um bókina enda áttu þeir margt sameiginlegt. Í þessum mikla doðranti er haldið fram áttakeningum um menningarheima sem minna á Spengler. Yockey segir að köllun Vesturlanda sé að drottna, valið standi milli alheimsyfirráða eða dauða. Hann tók undir hatur nasista á gyðingum sem hann kenndi um aukinn losarabrag á hlutverkum kynjanna, neysluhyggju, og lágkúrulega dægurtónlist. Löngu fyrir fall Sovétríkjanna sagði hann að Rússland mundi rísa upp gegn öflum sem ógnuðu menningu hvítra Evrópumanna. Sumir sem telja Pútín mikla hetju álíta að þetta til marks um glöggskyggni Yockeys.

Benoist og Francis – sjálfsmyndarstjórn

Alain de Benoist var á miðjum þrítugsaldri þegar stúdentaóeirðirnar brutust út í París 1968. Þar stóð hann með Maóistum gegn fylgismönnum Trotskys en var jafnframt í liði með þjóðernissinnuðum hægri mönnum. Á unga aldri skrifaði hann í amerísk dreifirit sem gefin voru út af lærisveinum Yockeys og þar mælti hann með aðgreiningu kynþátta. Hann taldi sig líka aðhyllast heiðinn átrúnað. Líkt og Spengler gerði hann mikið úr mismun fólks af ólíkum uppruna og áleit að hver hópur hlyti að skilgreina sjálfan sig með því að stilla öðrum upp sem andstæðingum. Afstæðishyggja hans var líka í anda Spenglers þar sem hann hélt því fram að ekki væri neinn sammannlegur mælikvarði sem leyfði okkur að telja sum gildi öðrum betri.

Benoist á samleið með sjálfsmyndarstjórnámum af vinstri vængnum í því að gera mikið úr mismun menningarheima. Eitt aðalatriðið í kenningum hans er að jafnaðarstefna, sem leggur áherslu á að virða fólk óháð ætt og uppruna, grafi sína eigin gröf: Hún lítilsvirði alla með því að hunsa það sem aðgreinir kynþætti og gefur lífi fólks gildi. Ég læt þetta duga um Benoist og sný mér að þeim síðasta af höfundunum fimm sem líka reyndi að nýta hugmyndir róttækra vinstri manna þjóðernishyggju sinni til framdráttar.

Þegar Samuel Francis kom til Washington 25 ára gamall voru hugmyndir hans á skjön við það sem hægrimenn almennt höfðu fyrir satt. Hann hafði enga trú á frjálsum viðskiptum og þegar hann dó um aldur fram árið 2005 var hans óvenjulega hægri stefna ekki hátt skrifuð. En þegar Trump var kjörinn forseti rúmum áratug síðar var rifjað upp að Francis hefði skrifað um fjölmennan hóp hvíttra kjósenda með miðlungstekjur og þar undir sem fannst þeir vera sannir Bandaríkjamenn og hafa rétt til að erfa landið. Hann lýsti þessum hópi svo að hann fyndi fyrir öryggisleysi og óttaðist alþjóðavæðingu, veldi stórfyrirtækja og samkeppni við erlent vinnuafli. Hann áleit líka að pólitísk völd væru alltaf í höndum fámenns úrvalshóps og sagði að valdhafar í Bandaríkjunum ættu enga samleið með þessum fjölmenna hópi hvíttra kjósenda. Hann hafnaði því að valdið ætti sér nokkra réttlætingu og sá yfirburði frjálsslyndra afla einfaldlega sem hrátt ofbeldi í lýðræðislegum grímubúningi.

Hluti af hugsun Francis er í dúr við sjálfsmyndarstjórnám í þágu minnihlutahópa. Hann lýsir fjölmönnum hópi hvíttra kjósenda sem jaðarsettum og segir að þeir hafi sama rétt og aðrir til að hlúa að sínu og megi því hampa innfæddum fremur en innflytjendum, hvítum fremur en svörtum, meirihlutanum fremur en þeim sem skera sig úr.

Andóf gegn kristindómi og alþjóðahyggju

Eitt af því sem sameinar Spengler, Evola, Yockey, Benoist og Francis er sú sannfæring að kynþáttahyggja, þjóðernishyggja og heimsvaldastefna standi fastari fótum en frjálsslyndir hugsuðir eiga gott með að viðurkenna. Þeir gáfu líka allir tilefni til að skoða frjálsslyndi og jafnrétti sem valdbeitingu í dulargervi. Hvað þetta varðar eiga þeir samleið með fjölda vinstriannaðra höfunda sem kveða ofbeldi og mismunum innbyggð í nær öll mannleg samskipti. Draumar þeirra um þéttofin samfélög og andóf gegn borgaralegu frjálsslyndi kallast á við það sem Marx og Engels sögðu í Kommúnistaávarpinu, að borgarstéttin hefði „lagt í auðn alla lífshætti aðaldóms og húsbóndaveldis, og hinna sælu sveita ... og enga aðra taug eftir skilið manna á milli en bláber hagsmunabönd, sálarlaust silfrið og goldinn verð“ (Marx og Engels, 2008, bls. 178–9). Inn í þessa sögu vantar að vísu hinn helminginn af sannleikanum sem er að þar sem andstæðingar borgaralegs frjálsslyndis ná yfirhöndinni fá menn í staðinn fyrir sálarlaust silfur og goldinn verð oft og iðulega barsmíðar, kúgun og lítið að borða. Það er víst gömul saga og ný að stjórnspekigrillurnar sem heilla fólk mest eru ekki hreinræktuð lygi heldur hálfannsannleikur í bland við óskhyggju og sjálfsblekkingar.

Kenningar þeirra fimm manna sem Rose segir frá kallast líka á við hróp Nietzsche gegn jafnrétti, skynsemi og siðferði. Honum var heldur í nöp við allar áherslur á hið sammannlega. Í þekktasta riti hans, *Svo mælti Zarabústra*, segir til dæmis að engin þjóð geti „lifað án gildismats; en eigi hún að þrífast, má hún ekki halda í heiðri sömu gildi og nágrannar hennar“ (Nietzsche, 1996, bls. 80). Héðan

er stutt í þá hugsun að fyrst aðrar þjóðir hafi annað siðferði þá sé ekkert eitt réttlæti til fyrir alla menn og í samskiptum við þá sem eru utan við okkar hóp gildi hnefarétturinn einn.

Þessi hugsun, segir Rose, er svo andstæð kristindómi sem vera má enda var kristin trú höfundunum fimm eitur í beinum. Jesús kenndi að öll mannanna börn væru systkini og hefðu skyldur hvert við annað óháð þjóðerni og kynþætti. Frjálslynd einstaklingshyggja seinni alda er í anda þessarar tvö þúsund ára gömlu alþjóðahyggju og leggur gjarnan áherslu á að mannhelgi sé mikilvægari en hollusta við ættjörð og frændgarð. Með þessu er ættjarðarást ekki hafnað sem einskis verðri og ekki heldur samstöðu með eigin fólki en áréttað að til séu æðri gildi.

Lýsing Rose á kenningum þessara fimm öfgasinnuðu hægri manna vekur spurningar um hvort það sé nokkur glóra að skipa stjórnmalastefnum á einn ás frá vinstri til hægri. Þeir eiga meira sameiginlegt með villtasta vinstriinu heldur en með frjálslyndu miðjunni. Ef til vill er ekki síður hjálplegt að raða hugmyndum á ás sem nær frá áherslu á sammannleg gildi, frið og farsæld til afstæðishyggju og hugmynda um að blóðug átök séu óhjákvæmileg. Á þeim ás eru frjálslyndir borgaraflokkar og jafnaðarmenn sömu megin við miðjuna.

„Hjörtum mannanna svipar saman“

Í bókarlok ræðir Rose hvort andkristileg hægri stefna sé það sem koma skal og leynir því ekki að sér þyki sú tilhugsun harla ógeðfæld. Hann segist eiga erfitt með að ímynda sér að ný kynslóð falli hundflöt fyrir Evola og Yockey og taki að tigna þá eins og menntamenn á fyrri tíð dýrkuðu og dáðu Marx og Marcuse. Hann segir að því verði þó ekki á móti mælt að hugmyndirnar sem hann reifar í bókinni fái hljómgrunn nú um stundir. Viðbrögð hans sjálfs eru að reyna að skýra fyrir lesendum að ofuráhersla á mismun manna eftir þjóðerni eða kynþætti standist ekki skynsamlega gagnrýni. Hann lætur líka að því liggja að þeir sem telja sig verja menningarhefðir með hægri öfgum og andófi gegn frjálslyndi hafi fæstir af sérstöku menningarlegu ríkidæmi að státa.

Ég tek undir þetta með Rose og held eins og hann að hjörtum mannanna svipi saman þótt þeir séu úr ólíkum heimsálfum. Sú hugmynd að mikið djúp sé staðfest milli kynstofna eða þjóðflokka er óttalegir órar. Tveir einstaklingar geta átt ótalmargt sameiginlegt. Þeir geta til dæmis báðir verið bændur, fátæklingar, flóttamenn, hagrýðingar, heimspekingar, knattspyrnumenn, tónlistarkennarar eða öryrkjar. Það sér líklega hver heilvita maður í hendi sér að hvað af þessu sem er getur sem best tengt fólk sterkari böndum en sameiginlegt þjóðerni eða húðlitur. Hefðirnar sem mynda menningu okkar eru segir Rose (2022, bls. 157) „sögur, lærdómur, tónlist, stofnanir og trúarbrögð sem er miðlað af visku og ást.“ Hann bætir því við að þær lærist og berist milli fólks óháð öllum líffræðilegum erfðum, hafi ekkert með kynþátt að gera og það sé smásálarlegt að mikla mjög það sem aðgreinir eigin hóp frá öðrum.

Rit

Marx, K. og Engels, F. (2008). *Kommúnistaávarpið*. Hið íslenska bókmenntafélag.

Nietzsche, F. (1996). *Svo mælti Zarabústra*. Heimspekistofnun og Háskólaútgáfan.

Rose, M. (2022). *A World after Liberalism: Five Thinkers Who Inspired the Radical Right*. Yale University Press.